

Nd.

107. Frumvarp til laga

[87. mál]

um breyting á lögum nr. 43 frá 9. maí 1947, um innlenda endurtryggingu, stríðs-
slysatryggingu skipshafna o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962.)

1. gr.

8. gr. 5. töluliður orðist svo:

Skirteinið veitir rétt til hlutdeildar í arði félagsins samkvæmt því, sem félags-
stjórn ákveður á hverjum tíma, sbr. 2. tl. og 2. mgr. 3. tl. 10. gr.

2. gr.

10. gr. 2. töluliður orðist svo:

Til arðgreiðslu af innborguðu áhættufé eigi yfir 6%. Nú hafa innlánsvextir
sparisjóðsdeildar Landsbanka Íslands, viðskiptabanka, af sparifé á almennum inn-
lánsbókum án sérstaks uppsagnarfrests, verið hærri en 4% yfir árið á því ári, sem
arður er miðaður við, og er þá heimilt að greiða arð, er sé 2% -tveimur af hundr-
aði- hærri en innlánsvextirnir voru.

10. gr. 2. málgr. 3. töluliður orðist svo:

Ef arður verður eigi greiddur af tekjuafgangi og ekki heldur úr arðjöfnunar-
sjóði, getur stjórn félagsins ákveðið að nota megi arð, er síðar fellur til, til þess
að jafna arðgreiðslur fyrri ára, þannig að arðurinn nái því hámarki, sem leyft er
samkvæmt 2. tölulið þessarar greinar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 12/1955, um
breyting á lögum nr. 43/1947.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Starfsemi sú, sem lög nr. 43/1947 fjalla um, var fyrst mörkuð með lögum nr.
106/1943. Í þeim lögum var hámarksarður ákveðinn 6% af innborguðu áhættufé.
Í lögum nr. 43/1947 var hámarksarður ákveðinn 5%. Hámarkið var aftur fært upp
í 6% með lögum nr. 12/1955.

Það var sameiginlegt með þeim þremur ákvæðum um hámarksarð, sem vísað
er til hér að framan, að hámarkið var nokkuð yfir innlánsvöxtum á almennum
sparisjóðsbókum án sérstaks uppsagnarfrests hjá sparisjóðsdeild Landsbanka Ís-
lands. Nú hafa vextir almennt hækkað svo, að sparisjóðsvextir hafa um skeið ver-
ið hærri en hæsti leyfilegur arður hjá Íslenskri endurtryggingu. Þar sem áhættu-
fjáreigendur hafa mjög takmarkaðan umráðarétt yfir áhættufénu og starfsemi fé-
lagsins, vekur það nokkra óánægju, þegar vextir eru almennt svo háir sem nú, að
ekki skuli vera heimilt að greiða nema 6% arð. Breytingin miðar að því, að heim-
ila dálítið hærri arðgreiðslu, þegar sparisjóðsvextir eru yfir 4% p. a.